Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Glósur úr laganámi við Háskóla Íslands, 2 af 3

Bjarni Benediktsson – Háskóli Íslands – Laganám – Glósur – Skiptaréttur – Uppboðsréttur – Skjalafals

Dánargjöf – Opinber skjöl

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Uppvaxtar- og námsár
Askja 1-4, Örk 3

Bjarni Benediktsson.

Um 56. gr. í stjórnarskránni frá 1920.

Í stjskr. er greint á milli löggjafarvalds, framkvæmdarvalds og dómsvalds, skr. § 2; þar er og sagt hjá hverjum þetta vald sé. IV. kafli stjskr. skýrir náinar frá dómsvaldinu og þar á meðal eru ákv. í § 56, þar sem segir að dómendur skeri úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Þetta ákv. § 56 eru þau einu beinu fyrirmæli, sem stjskr. gefur um greiningu á framkvæmdarvaldi og dómsvaldi, en hún virðist ekki vera ástæða til að fara út í þá greiningu yfirleitt, heldur verður að reyna að athuga, hvað beinlínis felst í greiningunni.

Í § 56 er sagt, að „dómendur" skeri úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Verður því að athuga náinar hverjir þeir eru, sem svo eru nefndir. Dómendur eru þeir handhafar ríkisvaldsins, sem löggjafarvaldið hefur skv. §§ 2 og 55 í stjskr. falið að fara með dómsvaldið. Eru þeir fyrst og fremst hinir almennu dómstólar, sem fara með almenn borgaraleg mál og refsimál, héraðsdómar og hæstiréttur. Allir sérdómstólar, sem stofnaðir hafa verið með lögum fella úr gildi einnig hér undir, svo sem sjódómur, landnemadómur, „aðlagir" dómstólar, sáttanefnd, þegar hún fer með dómsvald skv. L. 32. 1911 o.fl., þess þarf naumast að getið að gerðardómar, sem menn með samningi sín á milli fela mál til úrskurðar, hafa ekki þetta vald, því að þeir eru alt annars eðlis.

fógeti, skiptaréttur uppboðsréttur

2. Talað er um „embættistakmörk yfirvalda". Ólíkum valdi kann að leika á því, hvernig mega hallast yfirvöld. Í § 56 eru yfirvöld sett sem andstæða við dómendur og má af því draga þá ályktun

að þeir handhafar ríkisvaldsins, sem með dómsvald fara, eru ekki yfirvöld í þessari merkingu. Handhafar löggjafarvaldsins eru ekki heldur yfirvöld. Það eru einmitt þeir handhafar ríkisvaldsins, sem hafa verið falin framkvæmd málanna og eftirlit, innan takmarka, sem löggjafarvald og stjórnarskrárgjafi setur, sem verða nefndir yfirvöld. En þá er spurningin, hvort allir þeir, sem framkvæmdavaldið hafa á hendi, verða talaðir yfirvöld. þar sem talað er um „embættistakmörk" yfirvalda hlýtur þeir að verða haldið fram, að með þessu væri hugtakið þrengt við þá, sem skv. §116 st.lög. verða álitnir embættismenn. Svo um þá ekki verða álitið, enda er það engan veginn ljóst hverir verða embættismenn skv. §116. Í § 356 er talað um „yfirvaldsbot". Hefur og verið litið svo á, að hér væri átt við þá, sem hafa rétt til að ljóða og banna. Skv. þessu verður fyrst og fremst konungur, sem ætti handhafi framkvæmdarvalds talinn yfirvald, ráðherrar, valdsmenn (t.d. lögregla), bæjar- og sveitarstjórnir, niðurjöfnunarnefndir ofl. Annars virðist það ekki hafa verulega þýðingu að greina á milli, hvort einhver handhafi framkvæmdarvaldsins verður álitinn yfirvald eða ekki, því að taki hann sér eitthvað boðs- eða bann-vald í hendur, hlýtur að vera heimilt að bera ágreining um það undir dómstólana, hvort hann fer þar út fyrir embættistakmörk sín.

3. Þá er sagt, að dómendur skeri úr öllum ágreiningi um „embættistakmörk" yfirvalda. Í þessu felst það, að ætíð þegar ágreiningur verður um, hvort yfirvald hafi farið út fyrir valdsvið sitt, hvort það hafi tekið sér meira vald en því er rétt, þá sé heimilt að bera þá deilu undir dómstólana. T.d. um

slíkan ágreining virðist mega nefna það, að ríkisstjórnin setti viki dómara fyrir fult og alt úr embætti, en hann héldi því fram, að hann hefði engan embættsstörf eða a.m.k. svo lítil að hann félli undir § 57 í stjórn, og því óheimilt að víkja honum úr embætti nema með dómi. Hann mundi þá vantanlega fara í mál og kveðjast þess, að hann yrði settur inn í embættið, og mundi dómarinum þá verða að skera úr embættistakmörkum ríkisstjórnarinnar (konungs og ráðherra) að þessu leyti. Eins má hugsa sér að bæjarstjórnin fari að leggja kvöð á borgarana, sem þeir telji vera heimildarlausar, og geti þar vel risið ágreiningur um „embættistakmörk yfirvalda" skv. § 56. En ágreiningur getur og oft risið um það, hvort vel eða skynsamlega hafi verið farið með þá vald, sem yfirvöldum er falið að lögum. Í § 56 segir ekkert um slíkan ágreining, og er það alveg sérstakt atriði undir hverri úrskurður um slík mál hvílir, og hann það ekki þessu máli við.

Ágr. um meðferð löglegrs valds

4. Ágreiningur um embættistakmörk yfirvalda getur risið milli einstaklings og yfirvalds, yfirvalda sín á milli og yfirvalds og dómstóla. Í § 56 segir að úr „öllum" ágreining um þessi efni skeri dómendur. En og enginn efi á, að dómendur skera úr öllum ágreiningi milli einstaklinga og yfirvalda og dómenda og yfirvalda eit af embættistakmörkum þeirra. Gilt er aftur á móti eigi eins víst, hvernig fer um ágreining um embættistakmörk milli yfirvaldanna sjálfra. Þar er auðvitað vengjum sú að leggja yfirvald hlýðnast því eða, en ef til fullkomins ágreinings hennar virðist réttast heimilt að bera hann undir dómara.

A.m.k. er það auðsætt, að ef aðra yfirvald ~~ætlar~~ til ábyrgðar fyrir óhlýðni, þá er dómstólum skylt að skera úr því hvort það aðra hefur með lögum sínum eða banni farið út fyrir takmörk þau, sem því eru sett með lögum.

5. Sagt er, að dómurinn „skeri úr" um ágreining ofbrot. Í þessu felst þó eigi það, að dómstólarnir eigi að blanda til, hvenær sem þeir verða áskynja um ágreining milli þeirra aðilja, er úr hafa verið talðir, og um þau efni, sem réttur hafa verið, og hverta upp úrskurði þar um. Slík verður auðvitað að fara eftir almennum reglum um það, að dómurinn láta þenna ágreining afskiptalausan þar til málinu er til þeirra skotið, enda er og rétt fyrir þessu gert í síðari hluta greinarinnar (§ 56). Í síðari hluta § 56 er gert ráð fyrir því, að sá, sem á deilu við yfirvald, skjóti sjálfur málinu til dóms. Þetta er þó ekki bindandi, því að orðalagið hindrar engan veginn, að hvor aðiljinn sem er skjóti málinu til dóms

6. Í síðari hluta § 56 er sagt, að enginn, sem um embættistakmörk yfirvalda ~~(úrskurðarvald)~~ leitar úrskurðar, geti komið sér hjá að hlýða yfirvaldsboði í bráð með því að skjóta málinu til dóms. Þetta ákv. er sett til þess að óhlutvandir menn geti ekki skotið sér undan nauðsynlegum fyrirmælum yfirvalda með því að skjóta málinu til dóms. Refsiákv. samfara þessum fyrirmælum stjórn. er í § 117 í hegnl. 1869. Annars mistist ákv. um það, af mönnum tekur löglega rétt sinn. vera skýrt. Alls eins oft mundi þó svo fara, að einstaklingurinn fari sínu fram en yfirvaldið leitaði dómstólanna.

Þá hefur verið leitast við að gera greiðu fyrir einstökum atriðum § 56. En rétt er að taka það fram að lokum, að dómendum er ekki einungis rétt að skera úr þessum ágreiningi, heldur er þeim það og beinlínis skylt, þegar hann er réttilega undir þá borinn. Og úrskurði sína eiga þeir ekki að gefa skv. fyrirmælum yfirvalda né svo þeir heldur brundrir við fyrri úrskurði yfirvalda, þvi að dómendur eiga einmitt alveg sjálfstætt að kveða upp úrskurði skv. því, er þeir sjálfir telja rétt vera, og framkvæmdarvaldið er skyldugt að hlíta þeim úrskurðum.

Bjarni Benediktsson.

1.

Bjarni Benediktsson.

Hvaða skjölum getur skjalafals komið undir?

I. Ákvæði þau, sem til eru um skjalafals í íslenzkum lögum eru í §§ 270-278 alm. hegnl. 25/6. 1869. Þau eru að vísu nokkuð ákvæði um það atriði, er hér skal lagsa inn, en þau eru svo óákveðin, að naumast verður á þeim einum byggt til fulls. Hér þar því sem oftar, þegar lagaboð um eitthvert efni eru óákveðin, að þá verður nýjog að styðjast við hlutarins eðli, og mun það því athugað lítið eitt.

II. Ástæðan til þess, að skjalafals er talið refsivert er sú, að með því er misbeitt taki, sem nýjog mikilsvert er fyrir þjóðfélagið, að grundvallega sé farið mest. Þýðing skjala fyrir þjóðfélagið er einkum sú, að þau flytja hugsanir eins manns til annars og hafa þannig mikil áhrif á þau ákvarðanir, er menn taka, þau sem þau eru sönnunargögn um vilja og fyrirætlanir annara. Frá þessu sjónarmiði er það auðskilið, að sum skjöl geta ekki orðið fyrir skjalafalsi, því að þau skjöl, sem alls eigi eru ætluð til að koma öðrum fyrir augu, hafa enga þýðingu fyrir þjóðfélagið að þessu leyti. Sem dæmi slíkra skjala má nefna „punkta", sem menn einungis rita niður sjálfum sér til minnis. Þá eru það ýmis skjöl, sem ætluð eru til þess að koma fyrir annara sjónir, en geta engin áhrif haft á ákvarðanir annara manna eða athafnir, að minsta kosti ekki þar, er máli

f.e. skv. skjöldinn eða sínum, hafur enga þýð. þýð. sem gandi þín cassi vilji eða ætli annað.

(Síðari aths.) Bj. Ben.

skifta að lögum. Svo er um ýms bréf, er fara manna á milli, og einungis eru um frettir eða annað á móta, einnig skáldsögur og vísindarit. Þetta getur auðvitað alt haft áhrif á skoðanir manns og dagfar, en höfuð þýðing þess er ónnur en sú, að vera sönnun um vilja manna eða verða ákvörðunarástæða fyrir athöfnum þeirra, og hefur því þýðingarlítið eigi ástæðu til að vernda það úr þessu sjónarmiði.

Í §§ 270-272 hegnl. eru taldir upp fjórir aðalflokkar skjala, er fyrir skjalafalsi geti orðið. Í § 271,2 er talað um „opinber skjöl, er ætlu að setja skuldbindandi regla eða gera úr um eitthvað, eða þá hafa lagasönnun í sér fólgna" og í § 271,1 eru talin „ríkisskuldabréf, víxlbréf eða annað þess konar skjal, ætlað til að ganga manna á meðal". § 270 nefnir „erfðaskrá, samning, skuldabréf, framsal, ávísun, ábyrgð, umboðsbréf, kvittun eða annað þess konar skjal, sem miðar til að veita einstökum mönnum réttindi eða losa þá undan skuldbindingu". Þá er loks í § 272 það ákvæði, sem í þessu efni skiptir mestu máli, þar sem upp eru talin „bænarskrá, vottorð, vegabréf eða önnur skjöl, sem eftir eðli sínu eru ekki eins mikils varðandi og skjöl þau, sem getið er um í 270. og 271. gr."

Af § 272 má sjá það, að þessi skjöl verða þó að hafa einhverja þýðingu, þó hún sé ekki eins mikil og þýðing skjalanna skv. §§ 270 og 271. En um þau skjöl er það sammerkt, að þau eru öll beinlínis til þess ætluð

að vera sönnun um rétt eða hafa ákrif á þau gerðir manns, er lagalega þýðingu hafa. Um tvö fyrri dæmin í § 174 má ef til vill segja, að það sama þurfi eigi að gilda, þvi að þau geti einnig verið um þat efni, er engu þýðingu hefur að lögum, en þegar eðli málsins er athugað og ordalagið, að þau þurfi þó að hafa nokkra þýðingu, virðist ~~þó~~ lang eðlilegast að skilja alla § 174 í samræmi við þat, sem sagt var hér á undan um eðli málsins. Samkvæmt þessu virðist þó eðlilegast, að takmarka skjalafals við þau skjöl, sem, skv. tilgangínum með samningu þeirra, eru til þess ætluð hafa ákrif á annan mann um þau efni, er þýðingu hafa að lögum.

III. Hefur þá nokkuð verið rætt um efnishlið skjala þessara og reynt að gera grein fyrir, hvernig hún þarf að vera, og er þá rétt að líta á formhliðina. Um hana eru engir beinir lagaákvæði og mjög lítið hægt að leiða óbeint af þeim ákvæðum, sem til eru. Skv. eðli málsins verða hér haldnir eigi gerðar reinar ófrávikjanlegar reglur. Verður þá helst eð fara eftir því, að skjalið sé svo úr garði gert, að það að almanna dómi geti haft þá réttarþýðingu, sem um er að ræða.

Tíðast er nú á dögum, að skjal sé skrað á þappír með bleki eða einhverju öðru eins, en hugtakslega er slikt engin nauðsyn, og ef almanna skoðun mundi taka annað gilt þá er ekkert þvi til fyrirstöðu, að skjal væri t.d. leggrit á stein, rist á tré eða einhvað þvi um likt, og er efni ekki

ómögulegt, að fölsun á slíku sé skjalafals.

Þá er það atriði, hvort skjalið þurfi að vera skrifað eða á sama standi, þó það sé prentað, vélritað eða gert með öðrum þeim hætti, að vel sé unt að framleiða fleirá ~~eintök~~ samskonar í einu, án glöggra einstaklingseinkenna. Líkt mundi alls-staðar ítilokað, að um ~~slíkt~~ hvíliket skjal gæti verið að ræða, að skjalafals gæti komið ríðum á því. Eina skynsamlega ástæðan til að krefjast þess, að skjal væri skrifað vari sin, að skjalafals vari því aðeins mögulegt, að líkt vari eftir ritkönd útgefanda skjalsins, en það hefði því aðeins þýðingu, að þetta vari brundið við þau skjöl, er þau á milli manna, er þekktu ritkönd hvarra annara. En engum kemur til hugar að binda ákvæðin við það, enda er praxis alt annar.—

Spurning kynni og að vera um það, hvort það ítilokaði notkun skjalafalsáku. að mörg samskonar eintök, jafngild öll sönnun, eru gefin út af skjalinu, svo sem er um ýmsa samninga, og víxla skv. 10. kap. §. 1. 1882 afl. Virðist engin ástæða til slíks, enda er þetta altíð í viðskiftalífinu, og ~~gæti~~ það til að ~~minka~~ örvæntingi þess, ef slíka kröfu ætti að gera. Um eftirrit virðist það einnig gilda, að á því sé unt að fremja skjalafals a. m. k. þegar eftirrit er sjálft gefið út af útgefanda aðalskjalsins eða þegar eins tíð er að nota eftirrit í viðskiftalífinu sem frumrit, og því getur haft verulega þýðingu að nota það.

Loks er það atriði, hvort nauðsynlegt sé, að nafn útgefanda skjalsins sé sett undir það. §§ 175-177 hegnl. er gert ráð fyrir því, að nafn útgefanda sé ritað undir skjalið, en þar greinar ber þó eigi að skilja sem fyrirskipun í þessu efni, heldur er þar einungis gert ráð fyrir því, sem venjulegast er. Hitt skiptir meira máli, að almennt er litið svo á, að útgefandi tilsinki sér þá fyrst efni skjalsins, er hann hefur sett nafn sitt undir, og óundirskrifuð skjöl mundu vera gjörsamlega allsendis ókef til að hafa þá þýðingu á ákvarðanir manna, sem gert er ráð fyrir að þessi skjöl hafi. Meðan svo er litið á, verðum að gera þá kröfu að nafn útgefanda sé undir skjalinu, þó á hinn bóginn sé ekki ólögmæt, að almanna skoðun breyttist síðar í þessu efni, a.m.k. um sum skjöl.

Bjarni Benediktsson.

Bjarni Benediktsson

X

Hvar ákvæði hefur vanþekking um réttarreglur á refsiverðleika afbrots?

I. Í íslenskum lögum eru engin almenn ákvæði, sem leysir úr þessari spurningu. Rannar mætti ef til vill álíta, að § 11. 1877 § 1 skaði úr þessu í einu skilfti fyrir öll með því ákvæði að lög „skuli vera skuldbindandi fyrir alla" (þegar þau hafa verið réttilega birt), á þann veg, að vanþekking á réttarreglum kæmi alls ekki til greina. Svo hefur þó eigi verið álitið, enda virðist sem með þvi móti væri meira lagt inn í þetta ákvæði en heimild er til. Birtingin þar lögunum að vísu almennt gildi, en þar með er engan veginn útilokað, að þrekaði skilgreiða verði kvalist um þýðingu þeirra í einstökum áttir, og þá einkum um refsingu og skilyrði hennar, þar sem einmitt almennt er kvalist strangari einstaklegra skilyrða en annars um réttargæslu. Í mörg lagaákvæði, sem hegnum að gefa fullgilda reglu um þetta, munu ekki vera til, og verður því að athuga einstök lög og lagabálka, og sjá hvaða reglur má leiða af þeim, en ef það dugar ekki þá á þá fara eftir ætli málsins.

II. A. Í hegnl. 1869 § 43 segir, að ekki leysi það mann frá hegningu, þó hann þekki ekki hegningarlögin. Er hér þvergin regla, sem, að minsta kosti, gildir um hegnl. 1869, sitari breytingar á einstökum greinum þeirra, sbr. L. 6. 1924 og lög, sem beint byggja á almennum refsiskilyrðum hegningarlaganna, sbr. L. 51. 1928. Verður því að athuga, hvort felst í þessu ákvæði hegnl. 1869 § 43.

Slík getur komist til greina þrenskonar vanþekking, eða misskilningur, á réttarreglum. 1° um það, hvort refsing er lögð við verki. 2°, hvort verk er löglegt, 3° getur staðið svo á, að menn séu alveg ljósar reglur þar, er gilda um einhverjum verknaði hans, en hann hefur misskilið reglur, sem gilda um annað atriði, sem verður svo til þess að hann vanalega telur sér heimilt að framkvæma verk það, sem fyr var refsivert. Skal nú athuga § 43 í sambandi við þessa þrenskonar greining.

1° Aðsið er að § 43 var með orðum sínum beint til fyrsta tilvikssins, þar sem hegnl. fjalla einmitt um það, hvenær brot er refsivert og hvaða verk séu refsiverð. Það mistist og vera mjög eðlileg regla, að vanþekking eða misskilningur á þessu atriði einu leysi mann ekki undan hegningu. Því að ef maðurinn veit, að verkið er ólöglegt þá hefur hann og fyllsta ástæðu til að fara varlega um framkvæmd verksins, og er því rétt að láta hann sjálfan bera áhættuna við það, hvort verkið reynist refsivert, ef hann hefur framkvæmt það án þess að athuga þá hlið málsins. Það mundi og veikja mjög alla framkvæmd refsinga, ef vanþekking á þessum einum atr: að losa menn undan hegningu, því að oft er mikið vafamál, hvort verk er refsivert, og ~~gæ~~ matt: þá með miklum semmikik halda því fram, að áhærðan hefði talið það ekki vera.

2° Fyrir refsiákvæðum hegnl. liggur ~~[illegible]~~ til grundvallar, að hið ~~umræddu~~ verk er ólöglegt, en refsingin er eins

ungjörð einn af afleiðingum ólögmætisins, og ekki nauðsynlegt afleiðing. Spurning er nú, hvort orð § 43 nái til þessa ólögmætis, svo að þar sé beint boðið, að vanþekking á því stoði mann ekki. Í sjálfu sér má nú deila endalaust um það, hvort þetta falli undir § 43, því að þó ólögmætið sé ekki beinlínis tekið fram í lagal., ~~[illegible]~~ þá er það þó undirstaða refsingarinnar og má þessvegna segja, að það felist í lagal. En vegna þessarar óvissu virðist nauðsynlegt að athuga eðli málsins og sjá að hverfa niðurstöðu matsins beinst við þá athugun. Ef um þar var því haldið fram, að ~~[illegible]~~ þekking á lögunum væri nauðsynlegt sakhæfisskilyrði, en samkvæmt álíti manna nú á eðli afbrotis og refsingu verður þetta ekki talið. En vafi hann á leika á, hvort vitt sé að setja það upp sem frekara skilyrði, auk venjulegra sakhæfisskilyrða, fyrir refsingu, að áhverður hafi vitað um ólögmæti verksins. Af því, er lagal. snertir, mun það nauðasjaldan koma fyrir, að fullyrðing um vanþekkingu sé svo sennileg, að hún verði tekin til greina. En þar sem telja mætti þó víst, að um raunverulega vanþekkingu væri að ræða, virðist svo líklegt að vera, að endlegu ástandi áhverðs líkjöti að vera það áhöfðavert, að ekki sé heimilt að refsa honum þegar af fleiri ástæðum, sbr. §§ 37 og 39 í lagal. Eða ef svo er ekki þá sé hún svo vaxin, að engin ástæða sé til að fara vægilegar með áhverðan hennar vegna, því að þá líður hún að koma af sjálfsögðu réttmætilfinningu eða hirðuleysi um að athuga skilyrði verksins sinnar, og því ástæða til að vegna að

leyfara hvortveggja með velþóknunni. Af þessu virðist mega leiða það, að jafnvel þótt svo verði álitið að § 43 taki ekki beinlínis til þessa, þá hljóti eðli málsins þó, að benda í þá átt, að samskonar regla gildi.

3° Tilvik þau, er hér falla undir, getur § 43 skv. orðum sínum ~~ekki~~ alls ekki átt við, þau sem þar er einungis um vanþekkingu á lagul. að ræða. Enda hefur verið álitið, að hér væri ekki um eiginlegann ervor juris að ræða, heldur svipað: ~~þótt~~ þessu mikla freka til þeirra atvika, þar sem um misskilning á málinu sjálfu er að ræða; ~~og~~ ~~hefur~~ þeir verið talið, að sömu reglur gilti um hvortveggja. Samkvæmt þeir lagsin slík vanþekking mann undan refsingu ~~og~~ verður í mesta lagi talin til gáleysis. Þess er þó hér að geta, að einatt er mikið álitamál, hvort tilvik fellur hér undir eða undir 1°, og virðist sem þessum flokki eigi að setja þröng takmörk.

B. Hefur nú nokkuð verið athugað hverskonar vanþekking getur borið til greina, og mun þá rétt að athuga greiningu nokkuru nánar.

Í § 43 er einungis talað beinlínis um vanþekkingu, en engin vafi er á, enda hefur svo verið gert hér, að sama máli hlýtur að gegna um misskilning o.fl., þó að þar virðist engínn eðlismunur vera.

Í § 43 er sagt „að eigi lagsi það mann undan hegningu" osfr. í þessu felst það, að eigi er heldur heimilt að fara niður fyrir refsiramma þann, er afbrotinu er settur. En

§58?

hinsvegar virðist það oft geta verið eðlilegt að lokka vefsingana innan hinna löghöðnu takmarka, ef um vanþekkingu er að ræða, og er vitanlega ekkert því til fyrirstöðu.

III. Þá hefur nokkuð verið rætt um afstöðu hegnl. 1869 til þessa máls, og er þá að athuga, hvernig reglur gildi utan þeirra - þar eru engin almenn ákv., sem hægt sé að fara eftir, og verður því að fara eina þrekaða eftir hlutarins eðli en ~~skaðr~~ þegar um hegnl. var rætt. Yfirleitt er ógætt að segja að svipaðar reglur komi til greina um hvortveggja En þá verður að viðurkenna það, að utan hegnl. er mörunum nokkru meiri varkárni, þó þeir þekki ekki ákvæði hegningar, því að þar er um dreifða löggjöf að ræða, sem oft er ilt að henda reiður á. ~~En~~ Í hinu lögum er aftur venjulega eigi gerðar eins strangar kröfur til subjectiva skilyrða hér og þegar um hegnl. er að ræða, og virðist svipuðu máli hljóta að gegna um þetta atriði. Einkum ~~er~~ hér ástæða til að efla, að ef vanþekkingu-dyggð til ~~sl.~~ sýknu, myndi mjög erfitt að koma vefsingum fram oft og einatt, eða að vefsiframkvæmdin myndi mjög veikjast; a.m.k. Hinsvegar er hér besta röðin til að láta menn minnast ákvæðanna einmitt það, að vefsa fyrir þau, hvort sem þeir hafa um þau vitað eða ekki. Af §§ 45. 1946. 54 verður ekki dregin gagnstæð ályktun þessu, þar virðist jafnvel þrekað vist fyrir því gert, að almennt gildi það, sem hér er haldið fram. Samkv. þessu verður því að vísa mönnum til þess, sem sagt var í II.

Bjarni Benediktsson

Bjarni Benediktsson.

X 1

Hvað er dánargjöf og hvernig reglur gilda um hana?

I. Í íslenzkum lögum er hvergi beinlínis sagt, hvað dánargjöf sé, en í Tskp. 25/9. 1850 § 25 er talað um „gjafabréf, sem ekki er ætlast til að gildi fyr en að gjafaranum dauðum", og síðar í sömu laggreinar er það fyrir fyrir gert, að þetta „gjafabréf sé nokkurskonar samningur", og er með þessum ákvæðum átt við þá gerninga, er nefndir eru dánargjafir. Í § 25 erfðatskp. er og gert ráð fyrir fyrir, að þessi gjafabréf séu ekki venjulegar arfleiðsluskrár, og hið sama kemur fram í ákv. h. 30. 1. 91 § 3, sem ólögt segir, að dánargjöf sé ekki „erfur í eiginlegum skilningi". Samkvæmt þessum lagastöðum verður þá að skýrgreina, hvað dánargjöf er.

1. Það felst þegar í orðinu „dánargjöf" og í „gjafabréf" og „gjafari", sem hvorttveggja kemur fyrir í Tskp. 25/9. 1850 § 50, að hér er um gjöf að ræða, þ.e.a.s. loforð um verðmæti án þess að endurgjald eigi þar að koma í móti, og falla þá þegar af þeirri ástæðu allir fjármálasamningar, þar sem báðir aðiljar eiga rétt á að leggja fram, áð fyrir þetta hugtak. Af verðmismunum á greiðslunum er svo mikill, að bersýnilega er, í raun og veru, um gjöf að ræða, verður þó rétt að telja það hér með, ef reglurnar á öðru leyti geta átt við.

2. Til þess að um dánargjöf geti verið að ræða er það skilyrði sett, að það gildi ekki fyr en á gjafaranum dauðum. Tíðast mun ætlast vera á beinlínis er tekið fram, á gjöfin renni til þiggjanda við dauða

gefandans. En stundum getur t.d. verið sett ákveðið tímamark, og verður þá að athuga vænar skr. öllum atvikum, hvort til er ætlast, að gjöfin í raun og veru verði eigi fyr en eftir lát gefanda til þiggjanda. Verður þá m.a. annars tímalengdin til greina og þá oft einnig aldur og ætur ástæður gefandans. Ef t.d. 85 ára gamall maður gefur eigur sínar, en gjöfin á eigi að afhendast fyr en að 10 árum liðnum, eru allar líkur til að hér sé um raunverulega dánargjöf að ræða, og verður því gerningurinn að falla undir dánargjafarreglur. Annars getur oft verið erfitt (bæði í þessu sambandi og öðru) að greina á milli, hvort um dánargjöf eða gerning inter vivos er að ræða. Í hinum bágum verður gerningur þá eigi dánargjöf við það eitt, að gefandinn deyr áður en hann hefur afhent gjöfina, þar verða, sem sagt, einnig að koma til önnur atvik, er bendi til að allmikil hafi verið sú, að gjöfin kæmi ekki til greina fyr en við lát gefanda.

3. Þá er sagt: erfðatekp. § 215, að ætlast sé til að gjafabréfin „gildi" ekki fyr en osfrv. ~~[illegible]~~ Sú er glöggasta tilfellið það, að gefandinn ánafnar og hefur þiggjanda gjöfinni eftir sinn dag, en áskilur sjálfum sér full umráð yfir henni í lifanda lífi. En sama máli virðist einnig gegna, þá gefandi ~~[illegible]~~ þiggjanda þegar afsal fyrir eigninni, en áskilur sér afnotarétt o.f.h.n., meðan hann lifir þó að þar ráður gefandinn í raun og veru yfir eigninni til dauða síns. Má þá glöggleg sjá, að oft er erfitt að ákveða hvort þessi yfirráð þurfi að vera mikil.

Hér vísast rétt aðfaranótt [illegible] [illegible] lögæ-ástæðunni, ad-hallt þá eigin hagsmuni gefanda.

En ef þetta umráð, sem gefandi áskilur sér, eru hverfandi lítil en afráð þiggjandans þau almennu, þá virðist ljóst að telja verður gerninginn gerðan inter vivos, þrátt fyrir það þó umráð þiggjanda séu eigi fullkomin fyr en við dauða gefanda.

4. Til þess að um dánargjöf sé að ræða verður gefandinn að hafa gefið skuldbindandi loforð sem gjöfina, sbr. Tskp. 25/9. 1850 § 25 i. f. Enda er meginreglan á dánargjöf og eiginlegum arfi sú, að erfðaskrá venjulega er aftur kallanleg af arfleiðanda. Um þetta loforð koma annars til greina venjulegar loforðareglur, hvenær álíta megi að loforð hafi verið gefið, hvenær megi víkja því o. þ. h. Í einstökum ~~efa~~ hefur það valdið, hvort hægt sé að telja sparisjóðsbækur, þar sem maðurinn hefur látið inn peninga á annars nafn, til dánargjafa. Ef „gefandinn" hefur engar aðrar ráðstafanir gert þessu til staðfestingar, og hefur sjálfur áll umráð bókarinnar, virðist ekki hægt að telja þetta dánargjöf, því að hér er enginn, sem, svo gilt sé, hafi getað tekist á móti loforðinu frá hinum.

Hefur nú nokkuð verið leitast við að skýra einstök atriði í þeirri skýrgreiningu, ~~sem~~ á dánargjöf, sem felst í Tskp. 25/9. 1850 § 25. Má af því sjá, að hér er oft erfitt að greina á milli, enda mun samkeiburinn sá, að dánargjafir eru ekki fullkomlega skýr flokkur réttargerninga, heldur milliflokkur milli lifsgjafa og annara inter vivos gerninga á annan bóginn og arfleiðsluskriða á hinn, þar sem takmörkin oft eru mjög óviss

II. Samkvæmt því, sem á undan er sagt er um dánargjöf að ræða, þegar maðurn hefur á bindandi hátt ráðstafað eigu sinni eftir sinn dag, og er sjálfum eigi heimilt að breyta þessari ráðstöfun sinni einhliða. Hér koma því tvennskonar tillit til greina. Á annan bóginn er að ræða um ráðstöfun eigna manns við lát hans, en þar gilda erfðaskráarreglurnar, en á hinn bóginn hefur hann gefið loforð, sem lýtur sömu reglum og loforð inter vivos venjulega. Sb § 25 i Tskp. 25/9. 1850 og litið á þetta hvorttveggja, þar sem ákveðið er, að erfðaskráarreglurnar komi til greina með þeim breytingum, sem af því leiða, að hér er um nokkurskonar samning að ræða. En þessar reglur geta stundum rekist á og verið erfitt að samræma þar, og er þá erfitt að segja, hvernig meina skuli meta, og verður því að athuga þetta nokkru nánar.

1. Um það, hversu þessi gjafaheimild skuli viðtak, koma arfleiðsluskráar reglurnar til greina, er því óheimilt að gefa á þenna hátt meira en búi sínu, en skv. Tskp. 25/9. 1850 § 22 og L. 20. 19 23 §§ 87 og 88 er heimilt.

2. Til þess að loforðið um þessar gjafir sé gilt „af nokkru af hlutaðeigandum" vilji vengja", verður að fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í Tskp. 25/9. 1850 §§ 23 og 24 um form arfleiðsluskráar og áritun um að gefandi sé með réttu ráði.

3. Til þess að gera venjulega erfðaskrá er, skv. Tskp. 25/9. 1850 § 20, 18 ára aldur nægur. En skv. L. 60. 1917 § 4³ þar

maður ekki fulla heimild til að ráðstafa fé sínu inter vivos fyr en 21 árs, og verður því að setja þat aldurstakmark þegar um dánargjöf er að ræða, skv. Tskp. 25/9. 1850 § 25. En þó virðist svo sem manni sé heimilt að gefa sjálfsafla-fé sitt og gjafafé sem dánargjöf þegar 18 ára, því að til að ráðstafa þessu fé í líkanda lífi þarf eigi meira en 16 ára aldur, skv. L. 60. 1917 § 4.

4. Skv. Tskp. 25/9. 1850 § 21 verður þarf stjórnarráðið að samþykkja arfleiðsluskrár manna, sem svíkin hafa verið lögræti, til þess að þær séu gildar. En skv. L. 60. 1917 § 12 getur lögráðamaður bundið þessa mann í öllum venjulegum fjárskiftum. Nú er spurningin, hvort um dánargjafir þarf samþykki leggja eða samþykki stjórnarráðsins eins dugar, og virðist svo sem þat síðara ætti að nægja.

5. Höfuð-vandkvæðin á því, að semeina þessar reglur koma þó fram þegar skýra á innhald gerninga þess, er dánargjöfina stofnati. Við óbreyttar arfleiðsluskrár er mest um þat vert, að finna hver vilji arflátar hefur verið, en um loforð milli manna í líkanda lífi, hvat loforðsmiðtakandi lagði inn í þat og mátti inn í þat leggja. En auðsætt er þetta verður hægra erfitt að sannreina, en þó munu réttast að taka venjulegar loforðareglur fram yfir, þegar um hreinar dánargjafir er að ræða, skv. Tskp. 25/9. 1850 § 25. Réttast er þó ætíð at athuga þetta vel í hverju einstöku tilfelli og fara þá eftir því, sem réttlátast þykir. Oft getur valið á því leikið, at hve

mikla hagi gefandi hefur breytt sig. Hvort hann hefur t.d. skuldbundið sig til að halda á kvetnum hlut í eigu sinni, og ~~verður skattaútsvarsskyldur~~ og hvi hans verður skattaútsvarsskylt, ef hann hefur fargað hlutnum eða hann innvegis hefur hlutum ef hlutunum verður í hans eigu við dauða hans. Mundi þá vera réttast að fara sem varlegast í skýringunum og leggja ekki skattaútsvarsskyldu á hvítt, nema knýjandi ástæður bentu til þess.

Chr. eftir lagaástæðum.

6. Skv. l. 30. 1921 § 3 verður að greiða erfðafjárskatt af dánargjöf sem hverjum öðrum arfi.

Bjarni Benediktsson.

Bjarni Benediktsson: Hvort eru líkur og að hve miklu leyti má dæma mál eftir þeim?

I. Í réttu lagamáli er orðið „líkur" notað um það, þegar frá þekktri staðreynd er ályktað um annað atvik, það er sanna skal, og sagt, að fyrst staðreyndinni sé svo háttað sem menn vita, þá sé sennilegt, að hinn atvikinn sé svo eða svo varið. Staðreyndin, sem þekt er, snertir þá ekki beinlínis sjálft sakarefnið en frá henni ygta menn, með meiri eða minni sennileik, ályktað um eðli sakarefnisins. Þetta er og reglur ólögin sönnun. „Líkur" er og stundum notað í víðtækari merkingu og haft þegar um ófullkomna sönnun yfirleitt. Að vísu mun sjaldnast talið, að um líkur sé að ræða, þegar full sönnun er komin fram, sbr. náman síðar, en þá er fullkomin ástæða til að halda líkum, í merkingunni ólögin sönnun, frá annari ófullkominni sönnun, svo sem þegar t.d. einungis eitt vitni eða fleiri gæfluð eru, því að á þessu er ætlis munur, og verður þeim menn haldið hér.

Til þess að um fullgildar líkur sé að ræða, þarf atvikið, sem ályktað skal frá, að vera full-sannað, og gilda um þá sönnun almennar reglur. Má til dæmis um þetta og fleiri atvik: er hér skiftir máli, svo sem munurinn á líkum og ófullkominni sönnun, tilfæra atvik í dómasafni landsyfirdómsins. A. er kærður fyrir skjalafals, á að hafa skriftrafn B.s undir víxil á

heimildarleysi. B. neitar því að hafa skrifað nafn sitt sjálfur og yfirleitt, að hafa nokkuð um málið vitað fyrr en bankinn krafði hann víxilskuldarinnar. A. fer sér til stuðnings vitnisburð eins manns, C., um að áðurnefnd dag hafi A. og B. farið saman inn í herbergi, þ. hús þar sem allir þrír voru staddir, og hafi þeir haft með sér ritföng. En B. neitar því, að hann hafi hokkurn tíma í þetta hús komið, hvorki þá þenna dag og farið inn herbergið. Svo sem málum er hér háttað, þá mundu það vera nokkurar líkur, hve sterkar er annað mál, fyrir undirskrift B. og þar með sakleysi A. ef sannað væri, að þeir hefðu verið saman á þessum stað með þeim atvikum, er áður eru greind, um fyrir því atvik: er einmitt ekki komin full sönnun, og er því þeim grundvelli, er líkurnar skyldu byggðar á, kipt burt.

Þó að staðreyndin, sem ályktað er frá, sneri: ekki heimilisins sjálfs sakarefnið, þá þarf þó aðhvorki samband að vera þar á milli. Ómögulegt er þó að gefa ákveðnar reglur um þetta, því að tilvikin eru ótaljanleg og það, sem í einu sambandi getur gefið líkur með því, að ákveðinn atburður hafi gerst getur í öðru sambandi gefið líkur á móti því. Má þar t.d. benda á, að oft eru góð uppeldi og góð mentun líkur gegn því, að maður hafi framið glæp, en sumum glæpum er svo háttað, að til þeirra þarf

góða mentun og gott vit, og geta þá þessir eiginleikar orðið líkum gegn mönnum. Trekvæði dæma um líkur verðum og ástæða til að geta: II.

Um óbeina sönnun er stundum að ræða með þeim hætti, að full sönnun um efnið fæst. T.d. alibi manns, svo sem ef maður er burðar um morð, talinn hafa stungið hinn mögnta með hnífi, þar sem bátir voru staddir í Reykjavík, en sá ákærði sannar vera sína austur í Skaftafellssýslu á þeim tíma, sem um er að ræða. Megi má segja sem svo, að þá dróst manninum þegar austan sé ábyltat, að hann hafi eigi verið í Reykjavík og þvi eigi framið verkið, og sé þvi um líkur að ræða. Þetta er auðvitað rétt, en þess er að gæta, að hér eru tilfellin öðruvísi staðreyndalveg, að hitt geti átt sér stað og er í raunini fyrsta sönnun sem fengin verður, og mun eigi vera venja að telja slíkt líkur og verður því fyrst hér.

II. Þeim þá verið leitast við að gera grein fyrir, hvað líkur sé og vakandi atriða, er fram koma við athugun þess, og er þá rétt að ~~gæta~~ athuga, að hve miklu leyti megi dæma mál eftir þeim. Verða þar fyrst athugaðir opinber mál og síðan einkamál.

1. Almenn heimild til að nota líkur í opinberum málum er í tilsk. 8. sept. 1841. Slík heimild er og nauðsynleg, því að þó yfirleitt megi sanna öll ytri atvik afbrota með beinni sönnun, þá eru í einstökum tilfellum þau gögn oft alls ekki fyrir hendi eða ómögulegt að sit-

vega þau. Enda geta einstökum stöðuregnlur gefið svo sterkum líkum fyrir öðrum, að ókatt á að vera að álykta þau á milli. Í tskp. 1841 er þau að auki röð fyrir því gert, einkum í 91, að líkum sé eigi notaðan til að dæma eftir þeim nema annaðhvort fleiri líkum beri að sama brunni eða öðrum atriði komi til styrktar.

Tskp. telur upp nokkrum líkum fyrir sekt manns. Í § 93 eru talin þessi atrik: a). Vera á þeim stað, er afbrot var framið á, án þess að geta upplýst sérstakt erendi, einkum hafi hann reynt að dylja dvöl sína þar. b.) Ef hjá manni finnast um það bil, sem afbrot er framið, taki þau, sem sennilegt er að afbrotið sé framið með, einkum ef hann reynir að dylja slíka vörslu. Við þetta atrið er þess að gæta, að þó grunsamt verði ef heima hjá t.d. sáðsmanni fyndust stingtól, fjalir ofl. áhöld til innbrots, þá þyrfti þau ekki að vekja grunsemd gegn öðrum t.d. jarðsmið, lögregluþjóni. c). Ef á áhöldum eða klutum hans finnast merki, er virðast vera opt í sambandi við afbrotið og hvernig það var framið. T.d. blóðblettir á manni eða fötum. Slík merki sýnist og mega þarna þá, þegar jarðsteinarnir fundust forðum eftir Skambsránið og í hjós kom að merki á þeim samsvöruðu meitilspori á steðja Jóns Sigurðssonar. d). Ef hjá manni finnast klutir, er afbrotið var framið vegna þeirra, eða voru í vörslum þess, sem fyrir afbrotinu varð, enda geti áhöldum ekki sýnt fram á, að hann sé löglega að klutunum komnum. Þetta á einkum við, ef aðfaranarbrot er framið á manni, en getur og komið til þar fyrir utan, t.d. ef maður

maður er skotinn og á ákærðum finnast bréf, er hann mundi hafði í vasa sínum á dánardegi. Sbr á þó og undir sérregla tskp. 184/§ 6 sbr. D. fr. 6-1-7-10-11. Skv. henni skal dæma þann fyrir hilmingu, eða honi frekari ástæður til fyrir þjófnað, er hjá líkinu hans finnast hlutir þeir, er talið er að stolnir sé. Það er viðurlag skilyrði þessa, að hlutirnir finnist eftir að afbrotið var framið og ákærður geti ekki á einhvern hátt gert full nægjandi grein fyrir, hvernig þeir sé í sínar vörslur komnir. Þá þarf og að sanna eignarrétt annars manns á hlutunum, og að þeir sé frá honum komnir gegn vilja hans, þótt síðara getur atriði þó gert með eiði sínum. 2). Skaði ákærðar áður leitast við, að freista sama afbrot. Sbr getur og komið til greina, hvort fyr hefur komið í ljós hjá honum afbrotahneigð almennt.

Sakar er í § 4. tskp. 184/1 drepið á, að góð framkoma undanfarið og í réttinum sem líkur með ákærðum, en hitt líkur gegn honum, verði hann margsaga og sé ástæðugen í framburði. Svo sem fyr er sagt nægir yfirleitt ekki, að eitt þessara atriða sé, þeirra þarf að bætast við ef sakfella á, og eins getur verið auðvelt að hrinda líkum með atriðum, er gefi líkur í öfuga átt.

Sum atriði, einkum innri skilyrði, sem krafist er á þau megi fyrir afbrot, er svo varið, að þar verður yfirleitt að fara eftir líkum, t.d. um ásetning eða „ráðinn hug", sbr. alm. hegnl. § 191. Sjá og um minnin á ásetningnum í hegnl. § 193. Í þessum tilfellum verður ekki sagt, að almennt sé líkur með eða á móti, heldur verður að athuga allar ástæður í hverju einstöku tilfelli og draga líkur af því.

Í einstökum refsilögum er sagt, að sá viss atvik fyrir hendi, þá sá það líkur fyrir sekt hans um afbrot og verður þá áhætturn að hvinda þessum líkum til að verða sýknaður. Þetta eru svonefndar lögliður, dæmi þárna eru hegnl. §§ 195, 196, l. 5. 1920 § 4, l. 64. 1928 §§ 13 og 14.

Af tilsk. 8. sept. 1841 37 hefur verið talið heimilt að leita þá vegna, að efirleitt skuli dæmd vægari refsing af þeim verðum eftir líkum en annars.

2. Almenn heimild til þess að dæma eftir líkum í einkamálum er ekki til. En af því, að slík heimild er til í opinberum málum, þar sem gera verður, skv. eðli málsins, strangari kröfur til sannana en í einkamálum, þykir mega leita það, að þeim megi og beita í einkamálum. Svala er það og löngu staðfest af dómstólunum.

Í einkamálum hafa líkur nýjog mikla þýðingu að því leyti, að þær geta verið heimild fyrir, að aðilaskýrsla megi dæma, skv. N. L. 1-14-6. Að vísu getur ýmsir atriði er líkur haft þá þýðingu, en það skiptir engu máli hér. Sérstök heimild fyrir því, að eið megi leggja skv. líkum, er í l. 53. 1911 § 10, þar sem innþorsla í verslunarbók er slíkur líkur. Sjá hér og l. 46. 1921 § 15, þar sem „líkur" nægir að vísu sennilega nærbja ófullkomna sönnun almennt.

Í þessum málaflokk eru og all-víðg dæmi þess að lagt er á löglíkum, en efirleitt mun heimilt að fara gegn þeim endsönnun. Skv. l. 39. 1922 § 61, l. 1. 1882 § 47, l. 45. 1929 §§ 19-22.

Ritað 4. nóv. 1929.

Bjarni Benediktsson

Hvaða skjöl eru „opinber"?

Þegar dæma skal um sönnunargildi skjala er greint á milli opinberra skjala og einka skjala. Í lögum munu þó hvergi vera almenn fyrirmæli um, hver skjöl séu opinber, og verður því þegar í því skal skera að þeim eftir því, hvað leita má af þeim einstökum dreifðum lagafyrirmælum, sem um þetta efni eru, eftir venjum og eðli málsins. Koma þá til greina þau atriði, sem nú skulu talin.

1. Opinber skjöl verða að vera gefin út af embættismönnum eða starfsmönnum ríkisins eða einhverra undirdeilda þess, svo sem sveita- og bæjarfélaga. Stundum er beinlínis ákveðið í lögum, að embættismenn skuli skriflega staðfesta ýmsar gerðir sínar eða gefa út vottorð um þær, sjá t.d. L. 22. 19/9 §21 og 47, L. 39. 1921, §24 og L. 63. 19/7 §5, ennfremur ákvæðin í N.L. 1-8 um ýmsar bréfaræ, er dómarar eiga að halda. En auðs þótt eigi sé lögbundið, að embættismenn gefi út slík skjöl, þá verður að telja að þeir og aðrir opinberir starfsmenn hafi rétt til þess. Í þessu sambandi er vert að vera, hvernig þessir menn þurfi að vera tengdir ríkinu eða deildum þess til að þeir geti gefið slík skjöl út. Verður að álíta að þeir geti það, ef þeim hefur verið falið að vinna einhver ákveðin

opinber störf, enda þótt þeir séu ekki annars:
fjármála ríkis eða sveitar. Þanning mundi t.d. vott-
orð dómkvaddra matsmanna talið opinbert skjal,
einnig gerðabók kjörstjórnar við kosningar
(kosningar til þings, sveitarstjórnar, sáttanefnda o.fl.)
Ekki getur vafi á því leikið, að lækna í embætt-
ugta gefið út opinber skjöl, t.d. um heilbrigðisá-
stand manns, eða vottorða skv. L. 30.1911 §1. Eins-
vegar mundu óbreyttir „praktiserandi" læknar
naumast geta gefið út vottorð, sem til slíkra skjala
yrðu talin. Þeir geta þó einnig gefið vottorð
skv. L. 30.1911 §1, en svo verður sennilega lítið á, sem
þeir hafi sérstaka löggildingu til þess. Mörg ákvæði
eru til um það, að prestar þjóðkirkjunnar geti
gefið út vottorð og skjöl, sem talin verða opinber.
En skv. L. 4.1886 §13 geta einnig prestar utan-
þjóðkirkjusafnaða gefið út slík skjöl, hafi þeir
hlotið viðkomandi stöðfestingu. Þá má einnig at-
huga, hvort starfsmenn eða stjórnendur stofnana
eins og Landsbanka Íslands og Búnaðarfélags
Íslands geti gefið út opinber skjöl. Verður að
álíta líklegt að svo sé, t.d. er fundabók
skv. L. 10.1928 §39 á réttarlega opinbert skjal, og
sama mál: hljóta öðrum skjöl, er slíkar stofnanir
gefa út, að gegna. Hitt er annað mál, að þeim er
stundum bannað að láta nokkuð uppi um viss
atriði, sem þeim er kunnugt um, skv. L. 10.1928 §48

ordalagið

Vali hann að leika á þeri, hvorigir starfsmenn við opinberar stofnanir geti gefið út slík skjöl. Um það verður að fara eftir reglum þeim, er um hverja einstaka stofnun gilda og þeim vegum, sem þar er fylgt. Á Alþingi geta t.d. forseti og deildarskrifari gefið út vottorð um það, er fram hefur farið á deildarfundi, ~~þótt~~ og mundi slíkt vottorð talið til opinberra skjala, þótt um þau efni mundi oftast leitað þróttar í gjörðabókum þingdeildanna og í Alþingistíðindum. Stundum hefur verið um það deilt, hvort sömu vegi gildi handrit þingskrifara að ræðum þingmanna hafi; þær menn þó skoði talin til opinberra skjala, en hinsvegar ræður þingmanna eins og þar eru prentaðar í þingtíðindum. Ef vanga ætti innan stofnunarinnar gefur út skjal, þá mundi það skoði talið opinbert

2. Til þess að skjöl þau, er þessir menn, er nú hafa verið taldir, gefa út verði talin opinber, þá er naut sýnilegt, að þau séu um eitthvert það efni, er þeir hafa framkvæmt eða vita um, sem kvæmt embætti sínu eða starfi. Eins og getið var um í 1. þá er það oft löglbæð, að embættismenn eða starfsmenn gefi út vottorð um verk, er þeir framkvæma í embætti sínu, og eru öll slík vottorð opinber skjöl. Sama máli gegnir um bréfsbréf, er slíkir menn hafa heimild til að gefa út.

Einnig um bókun þar, er þessum mönnum er boðið að halda um störf sín. En enda þótt slík skylda sé eigi á þá lögð, þá verði skjöl þau, er þeir eglja it um þau efni, er þeir þekkja samkv. starfa sínum, ~~[illegible]~~ opinber. Hinsvegar mundi það ekki talið opinbert skjal, þótt dómari vottaði, að hann hefði heyrt mann, utan réttarhalds, játa á sig sakarmat réttarbrot. Ekki heldur þó prestur játa vottaði, að A. hefði farið móðgandi orðum um B. í sinni viðurvist. Sama máli væri að gegna ef t.d. skrifstofustjóri dómsmálaráðs Stjórnarráðsins bæri um það, sem fram hefði farið í atvinnumálaráðeyti.

Þess ber vel að gæta, að þótt sum skjöl séu að nokkuru leyti opinber, þá þarfa þau eigi að vera það að öllu leyti. Á ritum notarii publici um réttan samanburð á frumriti og eftirriti, neyðir ekki til að gera skjalið opinbert að öðru leyti. Athuga má, hvort t.d. gestabók, skv. L. 10.1920 § 7 sé opinbert skjal. Svo mundi ekki álitið, að því er efni hennar snertir, þeir að löggilding lögreglustjóra, sem fer fram áður en bókin er tekin til notkunar, nær ekki og getur ekki náð til síðari þarfa hennar.

3. Það liggur þegar í hugtakinu „skjal", að það plagg, sem undir það á að falla, verður að vera skriflegt og, nú á dögum, venjulega ritað

á pappír, og þarf eigi þrekar að fara út í það hér. Um nánari bréfur til forms opinberra skjala er ekki hægt að gefa almennar reglur. Þau geta bæði verið skrifuð og prentuð, laus blöð og bækur. Stundum er þó lögboðið áðurtið form svo sem í L. 22. 19/9 §§ 21, 47, einnig í L. 30. 19/11 §1. Sama máli gegnir um þau bækur, sem opinberum starfsmönnum er boðið að halda, að oft er, að meira eða minna leyti lögákveðið form þeirra, sbr. N. L. 1-8-2 og 3., þau verða að vera löggiltar fyrstar jafnóðum og undirritaðar af réttum aðilum. Um önnur skjöl hefur komist á föst venja, að því er snertir form þeirra, svo sem ýms leyfisbréf og þess háttar. Um aðra skjöl eins og t.d. embættisbréf, þau verða að bera það með sér, að þau séu slík, en ekki t.d. einkabréf. Ávinning þótt hefur, að einhver lögboðin eða venjubundin formskilyrði vantar, verður að dæma um í einstökum tilfellum, en ef mikið hvetur að slíkum göllum þá getur það orðið til þess að skjal, sem annars er talið opinbert skjal, verður það ekki.

4. Úrða má það og, hvort það hafi nokkuð áhrif á hvort skjöl skuli talin opinber eða ekki þó hvaða tíma þau eru. Virðist það ekki vera, ef þau fullnægja þeim skilyrðum, sem hér

hafa verið talin. En verðum þá að muna þat, hverir hafa leyfi til að gefa út slík skjöl og öðrum náinari skilyrði; vit þat ástand, sem á hverjum tíma hefur ríkt í fjöðfélaginu.

5. Hér hefur einungis verið rætt um skjöl útgefin af þar til bærum mönnum hérlendis, en skjöl geta einnig verið opinber, þótt þau séu gefin út erlendis, ef þau eru gefin af þeim mönnum, er að þarlands lögum hafa rétt til þess, og þau að öðru leyti fullnægja þeim skilyrðum, er hér hefur verið gert grein fyrir. Til þess að slík skjöl verði talin opinber hér á landi, mun þess þá oftast krafist, að réttismaður Íslands, eða sá, sem hann í hans stað, í því landi, geli út vottorð um að útgefanda skjalsins sé bær til þess.

Samkvæmt þessu, sem hér hefur verið talið, eru þá þau skjöl opinber, erlend og hérlend, gömul og ný, sem gefin eru út af einhverjum embættismanni eða starfsmanni ríkis eða undirgreina þess um þau efni, er undir starfa hans falla.

Ber þú sem prófessorinum þú í vitnaðri línur virðist mér að hér hefði verið réttara að minnast einnig á þýðingu þess af þau bera á sér t.d. blóðblett; og annað slík, en þá eru skjölin ekki opinber að því leyti. Sama er og ef réttstöfun sakarefnis er í þeim fólgin, þó er þat út af fyrir sig ekki „opinbert".

Bjarni Benediktsson.

Bjarni Benediktsson.

Hvorta vetvéttindum má rifta vegna gjaldþrota vetsala?

I. Þá maður, er leggur, að hann bráðlega verði gjaldþrota, getur með þessum hætti reynt að skjóta eignum sínum undan skiptum annaðhvort sjálfum sér til handa eða sumum skuldheimtumanna sinna, þessar ráðstafanir hans verða þá öðrum skuldheimtumönnum hans til tjóns, og er því eðlilegt, að löggjafinn vegni að hindra slíkar ráðstafanir eftir því, sem fært þykir. Því þótt aðsett vangleti, að maður mætti á síðustu stundu fyrir gjaldþrotin flytja eigur sínar yfir á aðra menn eða greiða sumum skuldheimtumönnum að fullu eða tryggja þá með öðrum hætti, en hinir sátu eftir með kröfuréttinn einan. Í Íslenskum lögum eru og ákv. til að hindra slíka gerninga, og eru þau sett með L. 7. 1894, 4. kap. þar er heimilað að rifta þessum ráðstöfunum gjaldþrota manns, en hér skal einungis athugað, hvenær heimilt er að rifta vetvéttindum. Um heimild til riftunar á vetvétti má greina í milli þriggja aðalflokka: þegar þess eins er krafist, að vetvéttarinn sé stofnaður á tiltekinn tíma (II), þegar vetvéttarinn er stofnaður á tiltekinn tíma, en sá, er ólag hefur af riftum, getur hindrað hana með því að afsanna ákveðnar riftunarástæður (III), þegar báðum er skylt eða sama þurfa riftunarástæður.

II. Í sjálfsvörslurétti í lausafé má rifta, ef vetbréfið er dagsett á síðustu 8 vikum áður en bú vetsala er tekið til gjaldþrotaskifta, § 23, 1 gjþrl. 1894 sbr. L. 18. 188 § 8

Hér er réttur riftunarheimild en í nokkru öðru tilfelli, og er það í samræmi við ~~[illegible]~~, að löggjafinn metur sjálfsvörslurétt í lausafé yfirleitt minna en annað rétt. Að öðru leyti virðist þetta ákvæði ekki þarfnast skýringar.

III. 1. Í § afþrl. 1894 § 23 sbr. § 22 er sagt, að veðskuldbindingar, er skuldunautur hefur gengist undir á hinum síðustu 8 vikum, áður en gjaldþrotaskiptin byrjuðu, séu ógildar að því er þrotið snertir, ef þær eru stofnaðar til tryggingar þröfum á hendur skuldunaut, sem ekki eru til orðnar á sama tíma. Hér er einungis átt við samningsveð, sést það bæði af orðalagi greinarinnar „gengist undir" og af því, að § 25 er sérstaklega rætt um aðfararveð. Slíkt er hér um alla samningsveð að ræða: handveð, fasteignaveð og sjálfsvörslurétt í skipum; um sjálfsvörslurétt í lausafé gildir þó sérákvæði, sbr. II. Annars má leggja tvenskonar skilning í orðin „að gengist undir veðskuldbindingu." Í fyrsta lagi getur þar verið átt við loforð um veðið og í öðru lagi við það, að veðbréfið sjálft sé gefið út eða handveð afhent. Hér verður þó að leysa úr því, hvort riftun er heimil, ef veðbréf hefur verið gefið út eða handveð afhent á þessum tíma, en veðinu hefur verið lofað fyrir þann frest. Hæstiréttur hefur talið, að einungis átti að þar eftir útgáfudegi eða afhendingar, og vitnar þar í, að engin ástæða sé til að þar með þetta öðru vísi en sjálfsvörslurétt í lausafé. Á þessu virðist þó naumast verða byggt að fullu, því að um riftunarheimild gilda einmitt sérákvæði fyrir slíkt sjálfsvörslurétt, sem gera riftun auðveldari en alla, Ólafur

legið er og mikla skýrara í L.18.188–, §8, þar sem beint er tekið fram, að bréfið skuli „lagstt" á þessum tíma. Á móti þessu má þó ef til vill benda á ákv. í 18. gr. gþrl., sem allir munu sammála um að skilja svo að gjöf megi rifta, ef hún hefur verið afhent á síðasta ári, þó henni hafi verið lofað fyr. Riftun er skv. heimil, ef kröfu og veðsetning eru stofnuð samtímis. En skv. ótvíræðri greinarinnar er hún heimil, hvort sem kröfuna er stofnuð fyrir á undan veðsetningu eða á eftir. Hér er þó aðeins einkum átt við veðsetningu á undan. Ef kröfuna er stofnuð á eftir, mundi oftast vera svo auðsætt sambandið á milli kröfu og veðsetningar, að mjög ósanngjarnt væri að heimila riftun þrátt er þegar um er að ræða ~~eða~~ hvorttveggja fari fram samtímis. Þegar reikna skal tímann, sem veðréttinum skal stofnaður á til þess að riftun sé heimil, virðist rétt að reikna í heilum dögum og telja annan daginn með, þetta kemur einnig til greina undir II. að framan og 2. hér að neðan.

2. Hafi fjárnám til sölu við upphlot farið fram eftir sett um borgun skuldar, er skuldunautur hefur gengið á á síðustu 8 vikum áður en gjaldþrotaskipti hófust, eða eftir dóm í máli, er höfðað hefur verið á þessu tímabili, þá falla bú þrotamannsins þau, er af fjárnáminu leita, gþrl. § 25 sbr. § 22. Hér er um að ræða heimild til riftunar á aðfararvörðu, sem fengið hefur skv. sett gerðri á þessum 8 vikum, eða dómi, þegar stefna hefur verið gefin út á sama tíma eða ef ~~mett~~ skuldunautur hefur mátt óstöðvaður, þó að málið hafi verið þingfest á þessum tíma. Hafi settin aftur á móti verið gerð fyr eða málið höfðað, þá

er riftun óheimil. Aftur á móti skiftir það engu, hvort kröfan er gömul.

3. Þessi riftunarheimild, sem getið er um í 1. og 2. að framan er ákveðin vegna þess, að þegar svo stendur á, eru taldar allar líkur til að skuldunautur eigi ekki fyrir skuldum og skuldheimtumanni þeim, er vitað þar, sé kunnugt um þrot ástandsins. Hér er riftunarheimildin þó, í mótsetningu við tilfellið undir II, bundin þeim skilyrði, að gefi skuldheimt, matur (vitkaði) saman, að skuldunautur hafi átt fyrir skuldum, þegar vitsetning fór fram eða hvort þeim grun, að hann hafi vitað um þrot skuldunauts, þá er vitsetning gild, gþrl. § 24. Samasvarandi gildir og skv. § 25, sem geti fjárráðamaðhafi sannað, að skuldunautur hafi átt fyrir skuldum þegar settin var gerð eða málið tekið fyrir eða hann getur fært rök að því, að honum hafi verið ókunnugt um gjaldþrot skuldunauts. Vitkaði er þannig nóg að sanna annað atriðið þeirra, er nefnd eru í §§ 24 og 25; þó t.d. sannað sé, að hann hafi tekið skuldunaut gjaldþrota, eða hann getur þrátt fyrir það sannað, að skuldunautur átti þá fyrir skuldum, þá helst vitið.

IV. Þá hefur verið rætt um þau tilfelli, er gþrl. heimilar eiga við riftun á vitréttindum, en auk þess heimilar þau í nokkurum öðrum tilfellum, sem þó einkum eiga við aðra ráðstafanir, riftun á vitréttindum er bitið getur sannað að þessar riftunaraðstæður séu fyrir hendi.

1. Skv. gþrl. § 26 er heimilt að rifta, ef skuldunautur hefur eitt er af þremur; strokið sökum skulda, einhverjir skuldheimtu

mun hans hafa krafist gjaldþrotaskifta í búi hans, eða hann hlaut að sjá, að gjaldþrot hans mundi bera þrátt að höndum, og hann hefur eftir þetta ívilnað sumum skuldheimtumönnum sínum hinum til tjóns, þannig að saknæmt sé skv. hegnl. 18og § 263, og getur gjaldþrotabúið þá rift ráðstöfunum, ef skuldheimtumanni var kunnugt um þessi atvik, er ráðstöfunin var gerð. Úr skuldbindingu mundi mi sjaldan falla hér undir, því að hún mundi oftast riftanleg skv. §23 gþrl. þó má hugsa sér þann tilvik, að til riftunar skv. þessari grein geti komið. Ef A., skuldunautur, sér fyrir gjaldþrot sitt og B. skuldareiganda er þetta og kunnugt, þeir koma sér síðan saman um að A. láti B. fá handveð fyrir skuldinni, en gjaldþrotið bregst svo af einhverjum ástæðum í 10 vikur. Í þessum tilfellum hvílir sönnunarskyldan á því að svona hafi verið komið fyrir skuldunaut og skuldheimtumanni hafi verið um það kunnugt á þeirinn.

2. Skv. gþrl. § 28 er gjöf ógild, og það þótt hún liti út og komi fram sem sala, makaskifti og leigumáli eða þesskonar afsal, ef hún er gefin á síðasta ári áður en gjaldþrotaskifti hófust og þegar svo stóð á, að skuldunautur átti ekki lengur fyrir skuldum, og atla má að gjafþegi hafi verið kunnugt um nokkurt það atvik, er hann mátti róta af, að ~~skulda~~ gefandi átti eigi fyrir skuldum, er hann (gjafþegi) þáði gjöfina. Um sönnunarskyldunna gildir hér það sama og undir IV. 1. þetta ákv. á annars tiltölulega sjaldan við vera réttindi, en þó má hugsa sér það, að A. hafi B. að gefa honum 1000 kr. og setji veð fyrir, að þá megi rifta ef svona standur á. Sama er ef gjafþegi hefur fengið dóm fyrir gjöf, sem með þessum hætti er stofnuð, og gert fjárnám skv. honum, þá má rifta áfarandi skv. þessu.

3. Þegar samningsvið er fengið eða dómvið, með málsskilum eða sátt, fyrir þeim kröfum, sem ógildar eru skv. gþrl. § 30, þá er einnig heimilt að rifta verkinu. Hér verður brjóst að sama samband atriðjanna og fjárþrot gjaldþrota manns, þegar gerðsinganum fór fram. Þess er að geta, að riftun er hér heimil þrátt fyrir, að vitsmunaleg þess, er sitt er varð gjaldþrota, hafi eigi verið um fjárþrotin.

V. Þeim verðréttindum, sem talin hafa verið í II-IV má rifta, þótt þau hafi verið framseld þriðja manni, ef ætla má að hann hafi verið þess vitandi að framsalið fór fram til hindra brjóst í að njóta réttar síns, gþrl. § 31

Riftun er óheimil ef eigi er farið í mál til að koma henni fram innan þeirra fresta, sem nefndir eru í § 32 gþrl.

VI. Auk þeirra riftunarheimilda, sem þegar hafa verið taldar, mun og heimilt að rifta verðréttindum, ef þau eru stofnuð með þeim hætti að rýrsa megi veðhafa skv. hegl. §§ 262 og 263. En til rýrsingar skv. þeim greinum mun þurfa meira en einungis vitund veðhafa um fjárþrot veðsala. En falli tilvikið hvorki undir gþrl. né hegl. er riftun óheimil, þannig mundi ekki heimilt að rifta lögtaki, þó það væri gert með þeim úrræðum, er segir í gþrl. § 25, (eftir því sem við á um lögtak), ef það er ekki rýrsi-vert skv. hegl.

Bjarni Benediktsson.

Bjarni Benediktsson.

Hver eru hin innri skilyrði bótaskyldu samkvæmt almennu skaðabótareglunni?

I. Sá, er einhver réttindi á, hefur að lögum heimtingu til þess, að aðrir láti þau óþvirlitt í friði. Þeim nýtur lögverndar fyrir þau, og þeir, er gegn þeim brjóta, fremja óþvirleitt réttarbrot. Almenna skaðabótareglan ákveður, hvenær slík réttarbrot séu bótaskyld. Til þeirrar bótaskyldu þarf bæði ytri og innri skilyrðum að vera fullnægt, og skal hér athugað hver þau síðarnefndu sé.

Þegar um það er spurt, hver innri skilyrði bótaskyldunnar sé, er það hið sama og spurt sé, hver vilja-afstaða manns þarfi að vera til réttarbrots, sem hann fremur til þess, að hann verði bótaskyldur fyrir það. Áður en ár þeir er skorið, hverra skilyrða verður að hreyfjast í þessa átt, þarf þeir að athuga, hvernig viljaafstöðu manna til réttarbrota, sem þeir fremja, er óþvirleitt farið. Er þar greint á milli:

1. Hvort manninum er það ljóst, að réttarbrot er fólgið í athöfn hans eða hlýtur að verða afleiðing hennar, en hann lætur þá vitneskju ekki aftra sér frá athöfninni, annaðhvort vegna þess að hann beint vill réttarbrotið eða metur athöfnina svo mikils að öðru leyti, að hann kemur henni fram, þrátt fyrir þenna ágalla. Slík er einn að vísu ásetning (dolus), sem og matti nefna

svik, svo sem og er gert í sigll. 1/4 §13, og vari það s.t.v. öllu heppilegra heiti á þessu hugtaki.

2. Meginreglan er, að vísu, ekki ljóst, að athöfn hans er réttarbrot eða réttarbrot hljóti að verða afleiðing hennar, en sú vanvirka hans hemur af því, að hann hefur eigi gætt nægilegrar aðgæslu um athugun á eigin-leikum framkvæmdar sinnar, hvort í henni væri fólgið réttarbrot eða af mikil hætta væri á, að það mundi af henni leiða. Þetta er það sem nefnt er gáleysi (culpa). Þar er aftur greint á milli culpa lata, stórkostlegs gáleysis, sbr. víxill. §76, og síðast það og nefnt hvítt gáleysi í sigll. §13 og gáleysis, sbr. sigll. §13.

3. Loks er það tilfelli, að maðurinn hefst aðhafst það, sem að gæti skilyrðum fullnægir því að vera réttarbrot, en hann telur sig sjálfur aðeins aðhafast það, sem löglegt er, og sú skoðun hans stýðst við svo veiga mikil rök, að honum verðar ekki lagt til lasts þó hann sé í þessari trú. Slík er talað um hendingu (casus) eða stundum óhappatilviljun, sbr. sigll. § 126.

Þá hefur lítillega verið á það drepið, hvernig afstöðu manns getur verið háttað til réttarbrots, er hann fremur. En hér má og þegar geta þess, að hér er einungis um afstöðuna til þess verknaðar, sem hið gæti fullnægir því að vera réttarbrot, að ræða, og það hefur hér engin áhrif þó maðurinn sjálfur leggji sig fremja réttarbrot og beint vilji framgang þess, ef verknaðarinn